SAGA

JÖRUNDAR HUNDADAGAKÓNGS.

EPTIR

JÓN ÞORKELSSON.

MEÐ 98 FYLGISKJÖLUM OG 16 MYNDUM.

KAUPMANNAHÖFN.
Á KOSTNAÐ BÓKAVERZLUNAR GYLDENDALS.
PRENTAÐ HJÁ J. JÖRGENSEN & CO. (M. A. HANNOVER).
1892.

7. 26. Júní 1809.

Auglýsing Jörundar hin fyrsta.

[Eptir afskript í Ríkisskjalasafni Dana staðfestri af Magnúsi Stephensen. Hún var fest upp í Reykjavík á dönsku einni stundu fyrir hádegi þenna dag, en um leið lét Jörundur Gunnar Gunnarsson biskupssvein, síðar prest í Laufási, þýða hana á íslenzku, og var þýðingin þá og fest upp; er þetta einmitt þýðing séra Gunnars sú, er upp var fest, sem hér er prentuð. En þýðing sú, sem er prentuð í Ísl. Sagnabl. II, 20—22, er gerð eptir danska textanum af Árna Helgasyni og Bjarna Þorsteinssyni (sbr. bls. 80). Á dönsku er hún prentuð í Collegial Tidende for Danmark og Norge í Dec. 1809, hjá Schulesen bls. 9—12. Á ensku er hún prentuð hjá Hooker II, 67—70. Þessi auglýsing var aldrei prentuð á Leirárgörðum.]

Proclamation.

1. Allur danskur myndugleiki er upphafinn á Íslandi.

2. Allir Danskir ellegar faktórar, sem standa í sambandi með dönskum handelshúsum, skulu vera hver í sínu húsi og ekki upp á nokkurn máta láta sig sjá á götunum, heldur ekki að hafa samtal, eða senda skrifleg eða munnleg boð hver til annars né taka á móti slíku án þess þeir hafi leyfi þar til.

3. Allir danskir embættismenn skulu vera um kyrt í sínu eigin húsi, og eru undir sömu skilmálum sem hinir í undangangandi paragraph.

4. Allslags vopn án undantekningar, svo sem byssur, pístólur, korðar, löngir knífar (Dolk) eður ammunition skulu án tafar afhendast.

5. Sé svo að nokkur af landsins innbyggjurum, kvenfólk eða börn, skulu fara sendiferð milli Danskra án leyfis, eiga þeir að straffast sem stjórnarstandsins fjandmenn, samt sem áður, ef barnið ekki veit af, að það hafi drýgt yfirsjón, þá skal sú persóna, sem sendi það straffast í þess stað.

6. Allir lyklar til opinberra einnig privat pakkhúsa og krambúða, skulu afhendast; allir peningar og bankoseðlar, sem annaðhvort tilheyra kónginum ellegar þeim faktórum, sem eru í sambandi með dönskum höndlunarhúsum, skulu geymast strax undir loku og lás og lyklarnir afhendast ásamt öllum reikningskapar bókum, protokollum og pappírum, sem tilheyra kónginum og faktórum, er meðhöndlast upp á líkan máta.

7. Til að uppfylla þessi boð gefst yður hér í Reykjavík hálfur þriði tími, í Hafnarfirði 12 tímar, en síðar meir skal nauðsynleg ráðstöfun ské á öðrum fjærliggjandi stöðum.

8. Allir innfæddir, börn og kvenfólk, hverir sem eru og hverjum sem til heyra, — allir innfæddir embættismenn, — hafa fyrir eingu að óttast, og skulu meðhöndlast á bezta hátt, þó með því skilyrði, að þeir ekki brjóti á móti áðurnefndum skipunum.

9. Sé þessum vorum boðum strax að fullu hlýtt, mun það að miklum hluta hlífa við óþarfa mælgi og blóðsúthellingu, en skyldi einn eður annar, hver sem er, breyta öðruvísi en hér er fyriskipað verður hann að

skyndingu fastur settur, heimtast fyrir striðsrétt, og á að skjótast innan tveggja tíma, ef hann hefir brotið.

10. Þegar öllu hér að framan skrifuðu er fram fylgt, verður útgefin opinber auglýsing, af hverju Íslenzkir munu fá að sanna, að ekkert annað er tilgangurinn hér við en þeirra eigið gagn, og að þetta er fyrirtekið einungis til að gera þá vissa um frið og fullsælu, er Íslendingar munu varla hafa þekt á hinum seinni árum.

11. Þessi auglýsing skal verða skriflega til kynna gefin, hvar sem verður, svo Íslenzkir fái séð, að ekkert verði gert, er hindri frjálsræði þeirra, eður á nokkurn hátt [geti] orðið þeim til skaða.

Geti nokkur með rökum sannað, að einhver hafi brotið á móti þessari auglýsingu, þá skal sá hljóta verðlaun af 50 rd.

Reykjavík, þann 26ta Júnii 1809.

Jörgen Jörgensen.

8. 26. Júní 1809.

Auglýsing Jörundar hin önnur.

[Hér er prentað eptir frumútgáfu auglýsingarinnar, sem prentuð var á Leirárgörðum 12.—18. Júlí 1809 öðru megin á heila örk; er eintak það, sem eg hefi fyrir mér, innsiglað með lakki af Jörgensen sjálfum og með hans eigin signeti. Auglýsing þessi er prentuð á íslenzku í Ísl. Sagnablöðum II, 22—26; á dönsku er hún prentuð meðal annars í Collegial Tidende for Kongeriget Danmark og Norge í Dec. 1809 og hjá Schulesen bls. 12—16. Á ensku er hún prentuð hjá Hooker II, 70—74].

Auglysing.

1. Island er laust og lidugt frá Danmerkur Ríkisrádum.

2. Øll Yfirvøld Kóngs, þeir sem eru innfæddir Islendskir, og vilja vera trúir sínu Fødurlandi, samt afleggja Eid uppá það, ad uppfylla sína Embættis Skyldu, skulu fullvissast um þeirra fullu Laun og Betaling.

3. Sérhvørr innfæddur íslendskur Embættismadur, sá er hagar sér skickanlega, skal haldast í Heidri.

4. Allar Pensionir til Eckna, Barna og frá Embættum frígéfinna Embættismanna, skulu útbetalast.

5. Yfirvøldin í sérhvørju Amti og Bygdarlagi skulu sorga fyrir ad útvelja dugandis og skynsamann Mann, sem ber Skynbragd á Landsins Asigkomulag, og sem skal vera Formadur fyrir sínn egin Bygdarlagi. Øll Løg og Tilskipanir skulu koma frá þessum Bygdarlaga Formønnum. Þessa Menn skal Landid fæda, og allt skal vera uppá eins Máta, og ádur enn Landid var undir Norvegs Kóngum.

6. Sérhvør Yfirvaldspersóna, sem má standa í sínu Embætti, skal géfa mér skriflega til kynna, ad hann vilji vera vid sína Sýslun, og skal þetta Bréf vera komid, nær 14 Dagar lída, frá nærliggjandi Sveitum, og 7 Vikur frá fjærstu Plátsum, utan svo sé, að Vedur og Landsvegir skyldu orsaka løgmæta Hindrun, og skal þá Orsøkina nefna, hvarfyrir á þessu

hefir Brestur ordid. Vilji einn edur annar ecki vera vid sitt Embætti, þarf hann eda þeir ecki vænta nockrar Hjálpar af Stjórnarrádinu, og verdur þá annar Embættismadur settur í hans Stad.

7. Engvir, nema innfæddir Islendskir skulu setjast til Løgsøgudæmis, og vera Forgángsmenn Landsmanna sinna.

8. Island hefir sitt egid Flagg.

9. Island hefir Frid um alla Verøld, og Fridur skal grundvallast á føstum Fæti vid England, sem vill láta Island njóta sinnar Varatektar.

10. Island skal setjast í ordulegt Varnarstand.

11. Øll Hospitøl og Skólavæsenid skulu reglulegar innréttast.

12. Allar Skuldir, sem svarast egu, annadhvørt til þeirrar fyrrverandi dønsku Ríkisstjórnar, ellegar til þeirra Faktóra, sem hafa Vidskipti vid dønsk Høndlunarhús, og sem møgulega heimsendast kynnu til Danmerkur, megu ecki borgast; en sérhvørr er frí frá svoddan Gjaldi, svovel til Kóngs, sem þesshättar Kaupmanns; en skyldi einhvørr þarámóti borga nockud af Skuld sinni til þvílíkra, þá skal hann neydast til ad bæta alla Skuldina til núverandi Stjórnarráds.

13. Kornvørur megu engannveginn seljast med svo háu Verdi, sem nú gengur, en Verd þeirra skal falla.

14. Allir Islendskir frígéfast fyrir Helftinni af øllum þeirra Skøttum til 1ta Júlii 1810.

15. Islendskum leyfist hindrunarlaust ad reisa fram og aptur, og kaupslaga í Landinu eptir eginn Þótta, med hvørjum sem sýnist, þó ecki þeim, sem verdsla fyrir Danska.

16. Allir verulegir Embættismenn og Persónur, skulu sækja Betalíng til mín, og afgjøra adrar Sakir vid mig, þartil Islendskir senda þeirra eginn Forstødumenn.

17. Enginn Islendskur má dæmast eda straffast, þó ad Forstødumeñ séu samankomnir, án þess 12 Meñ hafi ádur sagt, ad Straffid væri ad Maklegleikum.

18. Øll Yfirvöld í Landinu, hvør helst sem eru, skulu bera Umsorgun fyrir, ad hindra allt Samqvæmi med dønskum Skipum, hvadan sem þau svo koma, svo ega þau og ad géfa inn Lista til mín, hvad mikla Kornvöru medþurfi til sérhvørs Distrikts, svo hún verdi flutt fyrir Vetrartímann. Sú Rádstafan skal ské, ad Landid sé byrgt fyrir 1 Ar fyrifram af Kornvørum.

19. Ad sønnu eru Islendskum géfin framanskrifud Fríheit, þó ad vidløgdu Straffi, ef þeir gjøra á Hluta nockurs dansks Manns, sem hefir haft Embætti Kóngs á Hendi, líka svo þess, sem hefir haft Vidskipti vid dønsk Verdslunarhús, ef þeir ecki annars dreifa sér vid Almennings Sakir.

20. Forstødu-mønnunum skiptist þannig: í Sudur-Amtinu 3, í Austur-Amtinu 1, Nordur-Amtinu, 2, og Vestur-Amtinu 2.

Reykjaviik, þann 26ta Junii 1809.

Jörgen Jörgensen.
(L. S.)